

Fundur í Vallarstjórn 6.maí 2025
09:00 – 10:30


Mættir voru: Gunnar Ingi Valgeirsson, Margrét Kristinsdóttir, Emil Morávek, Sigurður Óskar Jónsson og Björn Þór Imsland.

Emil Morávek ritaði fundargerð.

Fundarmenn hittust í sundlauginni og löbбуðu yfir svæði

Sundlaugin var í góðu standi en gróður er farinn að spretta á milli hellna sem þarf að fara að hreinsa. Markmiðið í sumar er að mála buslulaugina og heitu pottanna. Slík framkvæmd gæti tekið um 2 daga með buslulaugina og einhvað svipað með heitu pottana. Þarf að gerast á þurrum dögum, Sérstaklega með busluna þar sem það er flóki að byggja skjól yfir. Verið að fara að panta nýja rennibraut í buslulaugina.

Útisvæðið. Eins og margsinnis hefur komið fram í skýrslum síðustu tímabila, eru bæði sparkvöllur og körfuboltavöllur löngu komnir á þann tíma að fara þarf í stórar endurbætur á þeim og jafnvel svæðinu öllu. Undirlag á körfuboltavelli er alveg ónýtt og í fyrra voru skrúfur á festingum farnar að losna upp. Slík var þó ekki staðan í þessari skoðunarferð en ljóst að starfsmenn á svæðinu þurfa að vera vel vakandi fyrir slíku svo slys verða ekki á fólki. Í fyrra var skipt um spjald á annarri körfunni ásamt hring og er sú karfa í góðum málum enn sem komið er. En nú þarf að laga hina körfuna, þar er hringurinn alveg ónýtur.



Þegar kemur að endurbótum á körfuboltavellinum þarf að huga að öryggisgirðingu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að aka inn á hjólum eða öðru slíku, en völlurinn hefur þurft að þola mikið af slíku, sérstaklega á meðan Hopp var á svæðinu.

Við höfum þó ekki verið með mikla pressu á að farið verður í þessa aðgerðir vegna hugmynda á nýju Íþróttamannvirki, því það er nokkuð ljóst að slík uppbygging þarf að vinnast í takt við hana og fyrirætlanir á sjálfu svæðinu. En þetta er orðið mjög illa farið og umhugsunarvert hvort það sé svæðinu og fólki bjóðandi að hafa þetta í þessu ástandi svona mikið lengur.

Vallarstarfsmaður var að hefja störf og labbaði með okkur hringinn og skrásetti verkefni niður.

Jökulfellsvöllur: mikill munur er á því hvernig Jökulfellsvöllur er að koma undan vetri þetta árið. Grasið grænna og er nú þegar búinn að vera einn leikur á vellinum og var að sögn bara ágætt að spila á honum.

Völlurinn er samt alltaf viðkvæmur, sérstaklega þegar vatnsveður er mikið.

Götun var á vellinum núna í apríl.



Þau verkefni sem voru hvað mest aðkallandi eru: hreinsun á grasi í vallarrennum, hreinsa tartanið og svo þessi endalaus ruslatínsla sem þarf að vera mjög vakandi fyrir. Mikið rusl var á víð og dreifð bæði eftir veturinn og þá miklu umgengni sem er um völinn okkar. Það vakti athygli að mikið af tóbakspúðum og sígarettum var í varamannaskýlinu og skilst okkur að framlágir einstaklingar leiti stundum þangað í skjóli nætur eftir nokkrar kollur á öldurhúsum bæjarins þar sem sognir eru í sig kosmískir kraftar áður en haldið er á vit annarra næturævintýra. Nokkuð ljóst að vallarstarfsmaður þarf að taka vel til í hverri viku og jafnvel daglega.



Tilraunastarfsemi knattspyrnudeildarinnar með að nota vörubretti sem áhorfendastúkur hefur reynst mjög vel. Fagurfræðin við þessa framkvæmd hefur þó ekki verið upp á marga fiska, en beðið er eftir nýjum stúkum sem búið er að fjárfesta í og munu vörubrettinn vera fjarlægð þegar þær koma.

Æfingarsvæði á malarvellinum er lélegt, en æfingarsvæðið austanmegin við Víkurbraut er í góðu standi. Það var verið að fjarlægja hitaveitu brunn sem hefur verið á vellinum þegar þessi göngutúr var tekinn en beðið hefur verið eftir því í nokkur ár.

Eins og áður hefur komið fram er lítið gat á tartaninu sem þarf að laga. Þó það sé ekki stórt í samanburði við heildarflatarmál vallarins, er það engu að síður nægilega stórt og djúpt til að auðvelt sé að slasast alvarlega á því. Því er lagt til að viðgerð fari fram tafarlaust. Búturinn sem þarf er til, svo ekkert ætti að standa í vegi fyrir viðgerðinni.



Aðstaða fyrir vallarumhirðu og áhalda geymslur.

Því ber að fagna að von er á nýrri áhaldageymslu á allra næstu dögum. Um er að ræða 60m² einingahús sem á að leysa af nokkra gáma á svæðinu. Þar verður aðstaða fyrir vallarumhirðu, áhaldageymsa og aðstað fyrir Vinnuskólann.

Rafmagnsbrunnur er enn á staðnum og ekkert bólar á rafvirkja til að tengja þetta í rafmagnsskáp. Brunnurinn á það til að fyllast í rigningu, með tilheyrandi vandamálum þegar vatn og rafmagn koma saman.

Salernum við Báruna eru vel sinnt og er reglubundin þrif á þeim á hverjum morgni.

Enn það þarf ekki nema einn til að gera þetta allt frekar ógeðslegt og kemur það stundum fyrir. Vallarstjórn lagði það til við forstöðumann að sett væri á hurðina merking hvenær síðustu þrif áttu sér stað, líkt og á bensínstöðvum.

Báran: Pantaðar voru nýjar hurðar í Báruna í fyrra en óhapp varð hjá framleiðsluaðila þegar bruni varð og skemmdist efnið sem átti að nota í þær og eru þær ennþá í pöntunarferli.

Bent var á að búið er að taka niður öryggisnetin meðfram norðvesturhliðinni á húsinu og leggur forstöðumaður mannvirka til að þau verði sett uppá aftur til að vernda glugganna og það allt saman, sérstaklega ef það á að setja mörk þarna aftur. Hann mun fara í málið.

Vatnsinntakið í Bárunni er ennþá ófundið en búið var að klemma fyrir og laga brunaslönguna.

Götin í loftinu eru enn á sínum stað og hafa ekkert batnað. Vallarstjórn hvetur forstöðumann til að þrýsta á viðgerðir, þetta er þriðja sumarið sem framkvæmdin er alveg að fara í gang.

Blakvellir: Nú er kominn tími á að skella neti á grasblakvöllinn og gefa bæjarbúum tækifæri á að skella sér í blak þessa fyrstu daga sumarsins áður en júní hretið hellist yfir. Ekki fékkst fjármagn til að fjárfesta í sérstökum sandi, en í staðinn verður notaður heimasandur til að fylla á hann og mun forstöðumaður láta það gerast fljótlega.

Ærslabelgurinn er í góðu standi og hefur svo sannarlega fengið athyglina núna á síðustu blíðviðris dögum. Það tók þó mikið drasl á móti vallastjórninni sem var allt í kringum ærslabelginn og var það því frekar leiðinleg aðkoma. Um var að ræða allskonar boxumbúðir af bragðarefum og öðrum ís vörum ásamt fleiru. Engar ruslatunnur eru á svæðinu og verður þeim ábendingum komið til þeirra er málið varðar.



Aðrir hlutir á svæðinu sem vallasstjórn ræddi.

Gönguleiðir eru vel sandaðar eftir hálkuvarnir vetrarins og væri tilvalið að fara að taka sóphring um svæðið á sópbíl áhaldahússins. Um er að ræða gönguleiðina frá Bárunni og alveg upp að sundlaug. Gamli góði gosbrunnurinn hefur aðeins fengið að kynnast uppátækjasömum vegfarendum, en búið er að brjóta niður nokkra steina úr hleðslunni sem væri ráðlagt að laga áður en þetta verður verra.



Mánagarður: Hópurinn endaði á því að renna við upp í Mánagarði þar sem kíkt var á völinn þar. Aðallega var rætt um hugmyndir Mána að frjálsípróttastarfi þar í sumar og fyrirhugaðar framkvæmdir til að koma á móts við það. Þar sem á að laga hlaupabrautina, þökuleggja spjótkestsvæði og fleira. Vallasstjórn hlakkar til að koma inn eftir þegar framkvæmdir hafa verið kláraðar.

Vallasstjórn lauk sýnum fundi kl 10:30

Næsti fundur verður þriðjudaginn 27.maí kl 09:00

Bestu þakkir